

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
605 Eyjafjarðarsveit

Garðabær, 11. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0029
IAS

Efni: Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit, tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er í tölvubréf frá Eyjafjarðarsveit í gegnum skipulagsgátt, dags. 14. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðasvæði við Ytri-Varðgjá.

Deiliskipulagið nær yfir um 18,5 ha svæði þar sem landeigandi hefur áform um að byggja 35 íbúðarhús með aðkomu frá Veigastaðavegi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsögn um fyrirhugaða framkvæmd og ítrekar hér að leggja þarf mat á hvort breytt landnotkun muni hafa áhrif á lífríki, einkum fuglalíf. Þá mætti skoða hvort friðaðar plöntutegundir finnist innan skipulagsreitsins og þar ber sérstaklega að nefna maríulykil (*Primula stricta*) en útbreiðsla þessarar sjaldgæfu plöntutegundar er fyrst og fremst í Eyjafirði.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

